

Vesturbotn deiliskipulag-umsagnir og viðbrögð

Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð
<p>1. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða 21. september 2023</p>	<p>Bent er á að skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er meginreglan að koma á sameiginlegu fráveitukerfi í hverfum íbúðahúsa, frístundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómskundastarf nema því verði ekki við komið.</p> <p>Með vísun í ofangreinda reglugerð er farið fram á frekari útfærslu fráveitna í deiliskipulagi. Setja skal fyrirhugðaða staðsetningu hreinsimannvirkis inn á skipulagstillöguna.</p> <p>Ef talin er þörf á að víkja frá meginreglu reglugerðarinnar um sameiginlega fráveitu skal fylgja slíkri tillögu rökstuðningur þess efnis sem tekur m.a. til gæða, getu og skilgreiningu viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.</p> <p>Bent er á að vatnsvernd verði skilgreind í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skv. reglugerðinni þarf að skilgreina brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Skulu verndarsvæði taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólansins. Vatnsvernd þarf að koma fram á aðalskipulagi og eftir atvikum deiliskipulagi.</p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegu fráveitukerfi fyrir svæðið. Mögulega getur tekið langan tíma að svæðið byggist upp og því ekki grundvöllur fyrir hendi fyrir sameiginlegu fráveitukerfi.</p> <p>Landhalli, lega lands, jarðvegsgerð og stærð lóða gefa nægjanlegt svigrúm fyrir rotþró innan hverrar lóðar upp á það að staðsetja rotþró a.m.k. 10 metra frá húsi eða næstu lóðamörkum. Aðkomuvegur að svæðinu er þannig að staðsettur að aðgengi til losunar er gott.</p> <p>Vatnsból fyrir svæðið er skilgreint í deiliskipulaginu. Bætt var við grann- og fjarsvæði við á uppdrátt.</p>
<p>2. Náttúrufræðistofnun Íslands 22. september 2023</p>	<p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:</p> <p>Um allstórt skipulagssvæði er að ræða sem mun taka töluverðum breytingum. Hluti þess er lítið raskaður en einnig eru fyrir mannvirki s.s. golfvöllur, vegir o.fl. auk þess sem lúpína er útbreidd á hluta svæðisins en hún telst framandi ágeng tegund. Verndargildi svæðisins felst einkum í landslagsheildum og kennileitum sem og náttúrulegu birkikjarri auk votlendis á litlu svæði.</p>	<p>Vegagerð um svæðið er haldið í lágmarki. Einn aðkomuvegur er að frístundbyggðinni og verið er að nýta núverandi slóða sem verður lagfærður og aðlagður betur að landi. Hús verða þannig staðsett innan hverrar lóðar þannig að þau hafi sem minnst áhrif á gróður svæðisins en inn á</p>

Vesturbotn deiliskipulag-umsagnir og viðbrögð

	<p>Mikilvægt er að skilmálar um frístundareiti hugi að því að fella mannvirki vel inn í landslag og að áhrif ásýndar séu metin. Draga skal úr óþarfa raski og takmarka vegagerð eins og kostur er.</p> <p>Stækkun golfvallar getur raskað votlendi, sérstaklega vestan núverandi brauta. Votlendi á þessum slóðum er ekki útbreitt og því ætti að skipuleggja og hanna stækkun golfvallarins þannig að votlendi sé hlíft en frekar t.d. raskað lúpínusvæðum.</p> <p>Vegna landhalla er ólíklegt að svæðið sé sérstaklega mikilvægt fyrir mófugla en þó má gera ráð fyrir varpi ýmissa mófuglategunda þar, einkum utan lúpínubreiða og birkikjarrs, en tæplega í miklum þéttleika. Skynsamlegt væri að kanna betur fuglalíf svæðisins, einnig meðfram ströndum þar sem aukin umferð og umsvif sem fylgja frístundabyggðinni og stækkuðum golfvelli geta haft neikvæð áhrif á fuglalíf.</p> <p>Tilfni er til að hefta frekari útbreiðslu lúpínu á svæðinu. Einnig þarf að vanda vel skipulag skógræktar og fylgjast vel með sjálfssáningu framandi trjátegunda. Tryggja þarf verndun náttúrulega birkisins við Ósá og forðast rask á því svæði. Jákvætt er að stefnt sé að því að friðlýsa hluta svæðisins sem fólkvang.</p>	<p>milli eru misstórir berangursblettir sem eru vel til þess fallnir að staðsetja húsin. Uppbygging á svæðinu mun fara fram á talsvert löngum tíma þannig að ekki er talin hætta stafa af uppbyggingunni á fuglalíf og stækkun golfvallar mun einnig taka tillit til þess.</p> <p>Tegundaval í skógrækt miðast við þær vistgerðir sem eru nú þegar á svæðinu.</p>
3. Umhverfisstofnun 19. september 2023	<p>Birkikjarr - Birkiskógur</p> <p>Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkikjarrlendi. Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er einnig birkiskógur austast á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir birkiskógar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p>	Sjá svar hér að ofan við umsögn NÍ.

Vesturbotn deiliskipulag-umsagnir og viðbrögð

	<p>Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.</p> <p>Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.</p> <p>Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir.</p> <p>Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt, að plantað sé fjölbreyttum trjátegunðum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegunðum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.</p> <p>Náttúruminjar og náttúruvernd</p> <p>Um náttúruvernd segir í greinagerð: „Sveitastjórn hefur hug á að skilgreina þann hluta jarðarinnar sem ekki er ætlaður fyrir golfvöll og frístundabyggð sem fólkvang með það í huga að friðlýsa svæðið skv. náttúruverndarlögum. Í tillögu að aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð er það skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna fjölbreytts landslags og áhugaverðs útivistarsvæðis.“</p> <p>Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda stefnu sveitarstjórnar og telur afar áhugavert að unnið verði að stofnun ofangreinds fólkvangs sem mun stuðla að útivist almennings á svæðinu.</p>	
--	---	--

Vesturbotn deiliskipulag-umsagnir og viðbrögð

	<p>Fráveita Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að kröfur um hreinsun fráveituvatns sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er hreinsivirki sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólþi.</p>	<p>Sjá svar hér að ofan við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.</p>
<p>4. Vegagerðin 13. september 2023</p>	<p>Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi. Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar. skv. Vegalögum er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m. til hvorrar handar frá miðlínu vega. Stofnunin óskar eftir að gatnamótum við golfvöll og Stekkjareyri verði breytt í hliðfærð T-gatnamót þar sem er a.m.k. 100 m. milli tenging.</p>	<p>Veghelgunarsvæði hefur verið bætt við á uppdrátt.</p> <p>Gatnamót að Stekkjareyri eru ekki viðfangsefni þessa deiliskipulags og eins og staðan er í dag er ekki verið að skoða að breyta þessum gatnamótum. Aðkoma að Stekkjareyri er lítið notuð. Ef þörf er á að breyta gatnamótum þegar svæðið hefur byggst upp þá verður gerð breyting á deiliskipulaginu í samráði við Vegagerðina.</p>
<p>5. Minjastofnun Íslands 19. september 2023</p>	<p>Minjastofnun gerir ekki athugasemdir eftir að uppfærður uppdráttur var sendur til þeirra.</p>	<p>Þarfnast ekki viðbragða.</p>
<p>6. Skógræktin</p>	<p>1. Í lið 1.3 er texti um skógræktarsvæði: „Gert verður ráð fyrir landgræðslu á skógræktarsvæðum á svæði sem eru utan lóða fyrir frístundabyggð. Beggja vegna Ósár er náttúrulegt birkikjarlendi og skal gróðursetningu taka mið af því við tegundaval og skal raska þeim svæðum sem allra minnst. Tegundaval á öðrum svæðum getur verið fjölbreyttara og grundvölluð á skógræktarskilyrðum og aðstæðum sem unnið verður að í tengslum við</p>	<p>Tegundaval í skógrækt miðast við þær vistgerðir sem eru nú þegar á svæðinu.</p> <p>Hús verða þannig staðsett innan hvorrar lóðar þannig að þau hafi sem minnst áhrif á gróður svæðisins og þar á meðal birkikjarr en inn á milli eru misstórir</p>

Vesturbotn deiliskipulag-umsagnir og viðbrögð

	<p>Skjólskóga á Vestfjörðum." Umrætt birki kjarrlendi er ekki á lista Skógræktarinnar yfir þá skóga sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hinsvegar nýtur náttúrulega birki kjarrlendið sem finnst í landi Vesturbotns vissrar verndar skv. lögum um skóga og skógrækt, þar eð það telst í skilningi laganna vera sk. náttúruskógur, að því marki sem það getur náð 2 m hæð fullvaxið. Það er eitt af markmiðum laganna að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Ekki er alltaf auðvelt að skera úr um það hvort birki myndar skóg eða kjarr. Í öllu falli er það ekki nema gott að vernda kjarr og kjarrleifar, sem að sönnu eru fornar á þessum stað (sjá t.d. örnefnaskrá um Vesturbotn). Skógræktin fagnar því að tekið sé tillit til verndar birki kjarrlendisins í deiliskipulagstillögunni.</p> <p>Hvað varðar skógrækt á skógræktarsvæðum, þá fagnar Skógræktin því að til standi að rækta skóg og stuðla að landgræðslu á svæðum utan frístundabyggðar og golfvallar. Þar stuðlar og að nýtingu svæðisins til útivistar, sbr. lið 1.4 í greinagerðinni um hverfisvernd, þar sem rætt er um stofnun fólkvangs til útivistar. Land þar sem fyrir er lúpína hentar t.d. vel undir skógrækt með ýmsum tegundum. Ekkert er í vegi fyrir því að gera úr garði fallegan og fjölbreyttan útivistarskóg á svæðinu sem myndi á allan hátt styðja við markmið stofnunar fólkvangs.</p> <p>2. Að ósekju mætti geta skógarreits Skógræktarfélags V.-Barðastrendinga í landi Vesturbotns, en hann sést á loftmynd og er í hlíðinni norðan við Ósá. Þar var girt 8 ha girðing 1944, og árin 1948-1963 voru gróðursett ýmis tré, s.s. birki, rauðgreni og stafafura.</p> <p>3. Í liðum 1.3 og 2.0 er minnst á Skjólskóga á Vestfjörðum. Þeir sameinuðust Skógrækt ríkisins í nýja stofnun, Skógræktina, fyrir nokkrum árum, og rétt væri því að tilgreina það nafn. Skógræktin hefur nú á hendi öll hlutverk Skjólskóga. Skógræktin tekur fagnandi öllum umleitunum um samstarf um skógaræktarmál, m.a. þeim sem viðruð eru í umræddri deiliskipulagstillögu.</p>	<p>berangursblettir sem eru vel til þess fallnir að staðsetja húsin.</p> <p>Reitur var merktur á uppdrátt.</p> <p>Hefur verið leiðrétt.</p>
--	--	---